

Baráttumál dagsins í dag? -Þau sömu þau hafa verið í gegnum aldanna rás - jafnrétti, öryggi og friður – en í því felst að útrýma öllum birtingarmyndum misréttis: Skipulag – umferð – laun – velferð – dagvistur – stríðsrekstur – umhverfismál – stjórnarskrá – menning og listir – hlutgering, klámvæðing og vændi.

Margir femínismar – ólíkar áherslur varðandi viðfangsefni og/eða leiðir eða útgangspunkt. En þeir hafa alltaf verið til staðar – forréttindafemínistar sem berjast fyrir kynjakvótum og launajafnrétti – svartur femínismi – fötlunarfemínistar – líkamsvirðingarfemínistar – femínistar af erlendu bergi á Íslandi. Og femínistar hafa líka aðhyllst ólíkar aðgerðir og tekist á um hugmyndafræði í gegnum aldanna rás.

Þess vegna get ég ekki sagt hvað brennur á femínistum í dag. En ég get sagt hvað brennur á mér sem femínista – í beinu framhaldi af erindi Þorgerðar og svo Ólafar Töru – og í tilefni dagsins þar sem við fögnum afmæli þeirrar byltingar sem Kvannaframboð og Kvennalisti sannarlega mörkuðu.

Ég er með kvennasamstöðu á heilanum. Af því hún er frumafl kvennabaráttunnar. Það er hún sem gerði Kvannaframboðið að því sem það var – hún hefur verið forsenda allra framfara í þágu kvenna og jaðarsettra hópa í heiminum!

Og af því að kvennasamstaðan er svo kraftmikil – þá er ekkert sem feðraveldið hatar meira en hana. They love us alone – but they hate us together, eins og Reykjavíkurdætur sungu í gær – og fundu á eigin skinni í kjölfarið.

Konur eru konum verstar – er mýta sem er styrkt með því að etja konum saman á opinberum vettvangi í hvert einasta skipti sem örlar á ágreiningi þeirra á milli. Af því það er það sem feðraveldið þráir.

Oddaflugsfyrirkomulagið er önnur birtingarmynd þessarar sömu andstöðu – þar sem ákveðnar konur eru valdar í hlutverk holdgervings kvennabaráttunnar – þær einar látnar svara fyrir allt milli himinns og jarðar á opinberum vettvangi og hæddar og smáðar fyrir vikið af athugasemdakerfum og afturhaldsseggjum.

Með því að veita ekki mörgum og fjölbreyttum femínískum röddum pláss líður feðraveldinu vel. Þesis eina sem látin er „svara til saka“ brennur á endanum út vegna atgangs og ofbeldis. Og meðferðin virkar sem þöggunaraðferð á hinar – það vill engin lenda í þessari stöðu.

---

En það sem hefur verið að breytast upp á síðkastið – og ég tel vera eina af frumástæðum þeirrar vitunarvakningar sem nú er að eiga sér stað – er að að er ekki lengur bara ein kona.

Þegar þúsundir kvenna taka þátt í myllumerkjabyltingum og við höfum aðgerðahópinn Öfgar og Bleika fílinn og Karlmennskuna og Eigin konur og okkur miðaldra konurnar og mér eldri konur sem allar leggja sitt af mörkum á sama tíma – þá ræður feðraveldi fjölmiðlanna ekki við að velja sér einhverja eina.

Oddaflugið hefur breyst í starrasveim – sem svífur um – splittast stundum í smærri einingar – en heldur hópinn að jafnaði.

---

Inni í þessum starrasveim eru kannski margir femínismar – ólíkar áherslur og allskonar hugmyndafræði. En femínismi er það sem heldur hópnum saman. Femínismi sem snýst um að tryggja jafnrétti, öryggi og frið fyrir okkur öll.

Þetta er það sem brennur á mér. Ég hef allskonar skoðanir og aðhyllist ákveðna hugmyndafræði en ég er bara ein af milljónum í sveimnum. Og ætla